

# ÍSLENZK STEFNA

2. HEFTI

DESEMBER 1952

II. ÁRG.

Uppgötvanir í eðlistræði hafa búið oss undir að skilja lífgeislanina og lífstarfsleiðsluna. Með því að skoða vorn eigin huga, gerum vér uppgötvanir furðulegri en nokkrar, sem áður hafa gerðar verið. Vér finnum, hvernig annarra „sálir“ leitast við að nota heila vorn og taugar, vér skynjum, ef vér getum nógu vel að, hvernig annarra „sálir“ koma að meiri eða minni hluta í staðinn fyrir vora, alveg reglulega, hvenær sem færi býðst. Vér lærum að ganga alveg úr skugga um það, sem ótrúlegra virðist en allt, sem ótrúlegt hefir þótt, að meðvitundir, sem fram koma í heila vorum, eru meðvitundir manna, sem heima eiga á öðrum hnöttum. Oss lýkst upp útsýn til þeirrar furðulegu hugsunar, að allar meðvitundir eru meganlega (potentialiter) í einni, eða geta verið í einni. Þegar svo er komið, verður oss auðskilið eðli fyrirburða, sem hafa vakið undrun og von og ótta, þúsundum ára saman, og verið aðalundirstaða margvíslegrar trúar og hjátrúar. Fyrirburðir spiritismans hætta að vera dularfullir. Þegar vér sjáum, að saga heimsins er magnanarsaga, lífið fram komið við nokkurskonar magnan eða hleðslu, tilraun óþrotlegs kraftar til að laga eftir sér, það sem óæðra er, þá skiljum vér, að lífið hlýtur að halda áfram; það er ekki trúaratriði framar.



# ÍSLENZK STEFNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRAR:

ÞORSTEINN JÓNSSON OG SVEINEJÖRN ÞORSTEINSSON

II. árg.

Desember 1952

2. hefti

ÁRNI ÓLA:

## KENNINGAR DR. HELGA PJETURSS

*Útvarpserindi 31. marz 1952. Þenna dag fæddist dr. Helgi Pjeturss fyrir 80 árum. Hann andaðist í Reykjavík 28. janúar 1949.*

Alla ævi sína var dr. Helgi Pjeturss við nám. Í æsku byrjaði hann, jafnhliða skólanámi, að lesa fræðibækur til þess að auka þekkingu sína, og hann helt því áfram óslitið til dauðadags. Hann fylgdi þar sömu reglu og Hjörtur Þórðarson rafmagnsfræðingur, að hann las aðeins gagnlegar bækur. Hverja bók braut hann til mergjar og honum var mjög lagið að greina kjarnann frá umbúðunum. Stjórnufræði, jarðfræði, líffræði, lífeðlisfræði, náttúrufræði og heimspeki voru upphalds fræðigreinar hans. Hann gat lesið bækur á mörgum málum, svo sem Norðurlandamálum, ensku, þýzku, frönsku, latínu og jafnvel spönsku og ítölsku. Í skóla hafði hann og kynnt hebresku og grísku, og eftir að hann var miðaldra lagði hann sérstaka stund á að nema grísku svo vel að hann gæti lesið sér til fulls gagns rit hinna fornu grísku heimspekinga á frummálinu. Það er ljóst dæmi um þekkingarþorsta hans og sannleiksleit.

Já, sannleiksleit, því að hann las til þess að leita sannleikans. Þess vegna hugsaði hann meira um það sem hann las heldur en flestir aðrir, bar saman, yfirvegaði og geymdi trúlega í huga sér allt er honum þótti máli skipta. Hann ein-

beitti huganum að því alla ævi, að auka svo þekkingu sína að hann gæti skilið rök lífsins, hins ósegjanlega fagra lífs, ef vel tekst, en hörmulega er illa tekst.

\*

Þegar Helgi hafði lokið prófi við háskólann í Kaupmannahöfn, og lífið virtist brosa við honum, varð hann fyrir þeirri ógæfu, er fylgdi honum síðan til æviloka. Á leið til Grænlands missti hann svefn og upp frá því þjáði svefnleysið hann stöðugt. Aldrei upp frá því naut hann svefnhvíldar sem aðrir menn. Þrátt fyrir það ferðaðist hann um landið sumar eftir sumar og gerði merkilegri uppgötvanir í jarðfræði Íslands en nokkur hafði gert á undan honum. Og þegar honum fannst svefnleysið ætla að buga líkamskrafta sína, þóttist hann sjá, að eina ráðið gegn því væri að stæla líkamann. Fór hann þá að stunda líkamsæfingar og íþróttir, ekki til þess að keppa við aðra, heldur í sjálfsvörn gegn örlogunum. Um fjölda mörg ár hljóp hann langa leið á hverjum degi og synti á hverjum degi og með þessu helt hann líkama sínum stæltum fram á elliár. Flestir mundu hafa gefizt upp í hans sporum, en hann sigraði, að svo miklu leyti sem sigurs varð auðið.

Það var mjög eðlilegt að hugur hans beindist að því um langar og erfiðar andvökunætur, hvað svefninn væri og hvernig á því stæði að hann er svo nauðsynlegur til viðhalds og eflingar lífsins. Hvernig gat á því staðið að svefninn var mannum nauðsynlegri en jafnvel matur og drykkur? Menn þoldu að fasta vikum saman, án þess að lífi þeirra væri nein hætta búin, en væri þeim algjörlega varnað svefns um nokkurn tíma, þá dóu þeir. Hann fann hvernig hinar stuttu svefnstundir endurnærðu hann sjálfan á hinn ótrúlegasta hátt. Svefninn var ekki venjuleg hvíld. Menn geta legið og hvílt án þess að sofa, en þessa endurnæringu lífsins fá þeir ekki nema í svefni. Og þegar Helgi hafði athugað þetta lengi



og gert samanburð á líðan sinni áður en hann sofnaði og eftir að hann vaknaði, þá komst hann að þessari niðurstöðu:

Í svefninum fer fram magnan, sem kalla má lífmagnan, því að hún endurnærir sál og líkama. Líkaminn endurnær-ist og gáfur manna aukast. Þessi lífmagnan hlýtur að vera komin frá einni alheims uppsprettu, því að hún endurnærir allt líf á jörðinni. Hún stafar utan úr geimnum líkt og sólar-geislarnir, rafmagnsgeislarnir og segulgeislarnir. Þetta er hin sama lífsorka og kveikti fyrstu neista lífsins hér á jörðu í öndverðu. Þessi lífsmagnsleiðsla magnar efnið fram til lífs, eins lengi og það getur veitt henni viðtöku. Þessu lífsmagni geislar svo líkaminn frá sér aftur í vöku, eins og vísindalega er sannað, þar sem mönnum hefur tekizt að gera þessa út-geislan sýnilega.

Enski eðlisfræðingurinn Faraday, sem uppgötvaði íleiðslu-rafmagnið, hafði sagt, að hver frumeindarkjarni (atom), hefði áhrif á allan heiminn með útgeislan sinni. Hér má lengra halda. Eigi aðeins hvert ódeili, heldur hver sameind, hvert efnasamband, hver líkami hefur áhrif á allan heiminn. Eigi aðeins sólin, er stafar geislum út um heiminn, heldur má hið sama segja um hinn minnsta hnött sólkerfisins, og hina minnstu hræringu, sem á sér stað í sólhverfinu, hvort sem hún gerist í lifandi líkama eða líflausum. Þessi áhrif alls á allt miða að því, að hver minnsta hreyfing og hver minnsta efniseind leitast við að framleiða sjálfa sig um allan heim, breyta öllum heiminum í sig. Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.

Þetta er undirstöðulögmál, segir dr. Helgi. Það stendur ennþá dýpra en lögmálið um aðdráttarsamband hnattanna. Af þessu leiðir, að lífsorkan er stöðugt að reyna að breyta heiminum í sig, magna efnið fram til lífs.

Þetta er í stuttu máli athugun á svefninum sjálfum. En þá er eftir svefnvitundin, draumarnir, og það var enn meiri

vandi að skýra þá. Hið fyrsta, sem lá ljóst fyrir var þetta, að maðurinn skiptir um meðvitund þegar hann sofnar og aftur þegar hann vaknar af svefni. Draumarnir eru líf, en ekki endurminning atburða úr vöku né hugsana. Maðurinn sér og lifir það, sem fyrir hann ber í draumi. Hann sér manna-bústaði, landslag og atvik, sem aldrei hafa fyrir hann borið í vöku. Hann sér fólk, sem hann hefur aldrei séð í vöku og hann talar við það. Hann sér furðuleg mannvirki og enn furðulegri dýr, sem hann hefur aldrei fyrr augum litið.

Hvernig á að skýra þetta?

Nú er það sannað, að hugsanir berast milli manna (telepati). Það fyrirbrigði skýrist með útgeislaninni, sem fyrr er nefnd. Ástand eins heila getur komið fram í öðrum heila, og þar með hinar sömu hugsanir. Og nú er það vitað, að maður sér ekki með augunum, heldur með heilanum, það er heilinn, sem framkallar myndina, er kemur í gegn um þessa dásamlegu „linsu“, er nefnist auga. Og úr því nú að í einum heila getur skapast það ástand, að þar komi fram þær hugsanir, sem gerast í öðrum heila, þá er ekkert því til fyrirstöðu að þar komi fram þær myndir, er í annars heila framkallast. Hér kemur fram árangur þeirrar meðfæddu viðleitni að hafa áhrif á allt og alla. Og hún birtist þannig, að það er eins og maður sjái með annarra augum. Í svefni kemst maður í samband við annan, sem vakir, og sér með hans augum. Það, sem vér sjáum í svefni, ber því ekki fyrir oss sjálfa, heldur ber það fyrir þann, sem er draumgjafi vor. Vér sjáum með hans augum, en vitund vor ruglar oft draumana, svo að oss finnst í svipinn, að vér sjáum eitthvað, sem oss er kunnugt úr vöku. En íhugi maður vel draum sinn þegar er hann vaknar, mun hann komast að raun um að kunningjarnir, sem hann þóttist vera með, voru allt öðru vísi en þeir eiga að sér að vera, sem sagt aðrir menn. Sama er að segja um landslag og annað, sem oss fannst vera kunnugt í draum-inum, að það var gjörólíkt því sem átti að vera.



Draumgjafinn getur verið á þessari jörð, en lang oftast mun hann eiga heima á öðrum hnetti. Og það er ekkert undarlegt, þegar maður veit að lífmagnsgeislarnir fara um alheiminn hnatthverfa og vetrarbrauta milli. Í draumi höfum vér því samband við menn, sem heima eiga á öðrum hnöttum.

Svefninn, miðilssvefn og dáleiðsla eru sama eðlis. Þar er aðeins stigmunur, en ekki eðlismunur. Miðillinn hefur samband við menn, sem segjast eiga heima á annarri jörð, en hafi áður átt heima hér á þessari jörð. Þeir nefna sig með nöfnum, og færa svo ótvíræðar sannanir fyrir því að þeir séu þeir sem þeir segjast vera, að þúsundir manna hafa sannfærzt um að svo sé. Þessir framliðnu menn segjast vera eins og vér, af holdi og blóði, eiga heima í húsum, og þar sé flest svipað og hér á jörð, nema fegurra og betra. Rökrétt hugsun segir oss því, að lífmagn það er losnaði úr fjötrum líkamans, þegar maðurinn lézt, hafi flutzt til annarrar stjörnu og fengið þar nýjan líkama. Svo ótrúlegt sem þetta er, þá er það ekki ótrúlegra en hitt, að líkamningar komi fram hér á jörð, en slíkt er ekki hægt að rengja eftir raðsóknir Crookes og annarra ágættra vísindamanna.

Af þessu er sýnt, að maðurinn lifir þótt hann deyi. Þannig komst dr. Helgi að sömu niðurstöðu eins og trúarbrögðin og andatrúin. En hann aðhylltist hvorki trúarbrögð né andatrú, vegna þess að margt í þeim væri blandið ímyndun, er ekki fær staðizt. Hann helt því fram, að vísindin ein gæti fært sönnur á ódauðleika mannsins, og með rannsókninni á eðli svefns og drauma var hann viss um, að hafa lagt þann grundvöll, er vísindi yrði að byggja á um lausn þessa mikilsverðasta máls mannkynsins. Í oss sjálfum finnst ráðning gátunnar, og það er líka lang eðlilegast. Um þetta segir hann sjálfur svo:

— Gera verður ráð fyrir alkrafti. Einn þáttur í eðli alkraftarins er að geta eytt hvers konar ófullkomnun, hverri verði-

megund hins illa. Öll náttúruöfl eru fram komin fyrir nokk-  
urs konar hleðslu eða magnan hins ófullkomna. Einnig lífið  
er fram komið sem nokkurs konar hleðsla eða magnan. Það,  
sem vér köllum líf, er einn kafli þeirrar leiðar, sem fara  
verður, til þess að hið ófullkomna geti orðið fullkomið.  
Þegar vér nú sjáum, að saga heimsins er magnanarsaga, að  
lífið er tilraun óþrotlegs kraftar til að laga eftir sér, það sem  
óæðra er, þá skiljum vér, að lífið hlýtur að halda áfram.  
Það er ekki trúaratriði framar.

\*

Þegar nú litið er á lífið sem heild, verður hverjum ljóst,  
að framvindustefnurnar eru tvær, er kalla mætti lífstefnu og  
helstefnu. Lífstefnan er stefna vaxandi þroska, samstilling-  
ar, fegurðar, fullkomnunar. Hitt er stefna vaxandi þjáning-  
ar. Sú stefna ræður nú á vorri jörð, eins og bezt má sjá á  
styrjöldum þeim, sem staðið hafa að undanfögnu og vaxandi  
andstillingu. Á ótal hnöttum í himingeimnum er framvind-  
unni líkt komið og sums staðar er þó ástandið verra. En á  
ótal hnöttum hefur framvindan tekið hina réttu stefnu, líf-  
stefnuna.

Mannkyni jarðar er það lífsnauðsyn að komast í samband  
við hin fullkomnari mannkyn er þar búa, til þess að geta  
skipt um stefnu, horfið frá helstefnunni til lífsstefnunnar.  
Og þetta er hægt, þegar vitað er að maðurinn hefur sam-  
band við þessa íbúa annarra stjarna bæði í draumi og með  
aðstoð miðla. Með því að finna lífgeislanina og lífsstarfs-  
íleiðsluna, er af alvöru hafin heimsfræði á jörðu hér, og með  
tilstyrk hennar er hægt að snúa frá vondu leiðinni til hinnar  
góðu. Af því að hver einasta efnisögn og hreyfing reynir að  
framleiða sjálfa sig í öllum heimi, leiðir það, að því nær  
sem er fullkominni samstillingu, því fremur verður máttur  
alheimsins í hverri eind og hverjum einstaklingi, lífskraftur



allra í einum og eins í öllum. Að vita þetta og læra að stefna í áttina að þessu takmarki, er upphaf guðsríkis.

\*

Maðurinn er nokkurs konar frumbylingur hér á jörð. Æviferill hans hér er nokkurs konar skóli undir framhaldslífið. Með allri breytni sinni hér á jörðinni, frá vöggu til grafar, er maðurinn að undirbúa framtíð sína í framhaldslífinu. Fyrir handan það takmark, er vér nefnum dauða, en miklu réttara væri að kalla endurfæðingu, hefur hann skapað sér þann stað, er breytni hans hér í lífinu hæfir og samsvavar því er líf hans hefur stefnt að. Og vegna þess að framvindustefnurnar eru tvær, þá er það algerlega undir mannum sjálfum komið, hvort hann kemur fram í betri eða verri stað. Sá, sem ástundar hér siðgæði og keppir að því að vera drengur góður allt sitt líf, kemur fram í betri stað, þar sem er meiri samstilling til fegurra lífs, þar sem meiri göfgi, fagnaður og farsæld ríkir. En sá, sem fylgir helstefnunni allt sitt líf hér, kemst ekki hjá því að lenda þar, sem er vaxandi þjáning. Þar kemur fram, „að það sem maðurinn sáir, það mun hann og upp skera.“ Þetta er lögmál. Með huggeislan sinni er maðurinn alla ævi að skapa framtíð sína í öðru lífi, því að huggeislan þessi kemur fram í þeim stað, þar sem skylt ástand ríkir. Sannast þar hið fornkveðna, að líkur sækir líkan heim, eða eins og danski málshátturinn segir: „som man reder, saa ligger man“ eða það fer um þig eins og þú hefur búið um þig.

Saga lífsins hér á jörðinni hefur verið saga vaxandi þjáningar. Hér er staður, þar sem þjáðst er og þjáð. Og svo er víðar. Þar er í raun og veru ekki líf, heldur tilraun til lífs, tilraun, sem alltaf mistekst, þegar hinni röngu stefnu er haldið, svo að þjáningin fer alltaf vaxandi unz lífið slokknar út á þeim hnetti.

Þarna skortir hin réttu sambönd, samstillingu við lífið á

öðrum hnöttum, þar sem í sannleika er lifað. Þetta er það, sem að er. Samband, samstilling er eðli lífsins. Án þess að vita, að á öðrum stjörnum eru fagrar og góðar verur, sem vilja efla oss og hjálpa, og án þess að vita, að á öðrum stjörnum er framhald lífsins, verður ekki komið á hina réttu leið, þá, sem liggur til fullkomins sigurs á þjáningum og dauða. Því að þjáning og dauði á ekki að vera, og á því sigrast það mannkyn, sem tekur hina réttu stefnu.

Og fagnaðarboðskapurinn er þessi, að það er hægt að skipta um stefnu.

Þegar þið horfið á stjörnurnar, þá getið þið verið þess alviss, að þar er ykkar framtíðarsaga. Og þar er ykkar framtíðarríki. Hversu vesall sem þú kannt nú að vera, þá muntu í einhverri framtíð eignast allan heiminn. Og eignast hann í miklu fullkomnari merkingu en talað er um að eignast hér á jörð. Og þó er það ennþá meira, sem fyrir lífinu liggur hér á jörð, svo vesalt sem það er ennþá. Í einhverri framtíð fær lífið hér þátt í hinni æðstu veru, verður sjálf hin æðsta vera. Hin æðsta vera vill hefja oss upp til sín, breyta oss í sig, gefa oss sjálfa sig fullkomlega.

Þannig verður, þegar lifað er rétt hér á jörð, vegna þess að lífið er þáttur í sköpun heimsins. Allir kraftar eru skyldir. Ein eru upptök þeirra allra. Krafturinn, sem heldur saman efnun stjörnunnar í mynd hnattarins, er sami kraftur sem á æðra stigi heldur efnun úr stjörnunni saman í þeirri mynd, sem vér köllum mannlíkama. Og tilgangur lífsins er einmitt að taka undir með hinum æðsta krafti í sköpun heimsins, verða heimssmiðnum samtaka.

\*

Hér hef ég í stuttu máli rakið kjarnann í heimsskoðun dr. Helga, en sleppa varð hinum óteljandi röksemdum, sem hann setti sem skorður undir þessar kenningar. Var hann allra manna rökfimastur, eða „mjög rök hugsandi maður“.



eins og hann sjálfur sagði um Bjarna frá Vogu. Hann fór alls eigi dult með það, að hann stýddist við hugsanir og at-  
huganir annarra manna og var óspar á að vitna til þeirra máli sínu til stuðnings. Á því sviði var hann jafn glögg-  
skyggn á það hvað líkt var og ólíkt, eins og þegar hann var  
að gera merkilegustu uppgötvanir sínar í jarðfræði Íslands.  
En af slíkum samanburði dró hann ályktanir sínar og fram-  
lengdi þær línur, er hann hafði við að stýðjast. Sótti hann  
til fanga í flestar greinir vísindanna og má bezta af því marka  
hve geisilega mikillar og víðtækrar þekkingar hann hafði  
aflað sér.

Ályktan hans var þessi: Sköpunarsaga heimsins á ekki að  
vera trúarbragða atriði, heldur náttúrufræði og lífmagns-  
fræði. Trúarbragðahöfundar eru merkilegir menn, en fyrir  
þeim verður margt í þöku. Það er aðeins á færi vísindanna  
að aflétta þeirri þöku og gefa mannkyninu bjarta útsýn yfir  
tilveruna. Þekking og traust á að koma í stað trúar. Nú  
þurfa aðeins að verða svo stórstígar framfarir í líffræði og  
áður hafa orðið í efnafræði og eðlisfræði.

Hann var innilega sannfærður um að sér hefði tekizt að  
finna grundvöllinn, er líffræðin yrði að byggjast á. „En  
margt þarf þó meiri rannsókna,“ sagði hann. Og hann var  
viss um að slíkar rannsóknir mundu aðeins verða til þess að  
sanna mál sitt.

Ég hef rekið mig á það, að margir þekkja ekkert til kenn-  
inga dr. Helga annað en að hann hafi sagt að menn ættu að  
að fara til annarra stjarna eftir dauðann. Og svo brosa þeir  
góðlátlega að því eins og einhverri fjarstæðu. Þeir gá ekki  
að því, að þetta er aðeins einn þáttur í sköpunarsögunni,  
einn drátturinn í þeirri stórkostlegu heimsmynd, sem dr.  
Helgi hefur dregið upp.

Ég man líka að menn hlógu að þeirri fjarstæðu er dr.  
Helgi hélt því fram, að aukin þekking mundi leiða til þess  
að menn gætu breytt fjallgörðum og höfum eftir geðþótta,

haft vald á goskröftum jarðarinnar og ráðið fyrir tíðarfari. En nú tala þessir sömu menn um það sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut, að kjarnorkufræðingar heimsins haldi því fram að hægt sé að brjóta niður fjöll, flytja fjöll og breyta höfum. Vísindamenn eru nú líka farnir að tala um það í fyllstu alvöru að hafa hemil á eldgosum.

Þetta sýnir að dr. Helgi var á undan samtíð sinni, eigi aðeins samtíð sinni hér á Íslandi, heldur um alla jörð. Og að nú skuli svo komið að þessar furðulegu fullyrðingar hans eru taldar framkvæmanlegar, ætti að benda til þess að rétt sé margt annað, sem hann hefur sagt og furðulegt hefur þótt.

Athyglisvert er, hvað kenningar dr. Helga eru samhljóða kenningum Krists, þótt þær séu fengnar á annan hátt. Það sýnir að vísindin eru ekki hættuleg trúarbrögðunum, heldur verður trúnni meiri styrkur að vísindunum en nokkru öðru. Ég skal aðeins benda á þetta. Kærleiksboðun Krists er sama og lífsstefna dr. Helga. Kristur sagði: Leitið fyrst guðsríkis og réttlætis hans og þá mun allt annað veitast yður. Dr. Helgi sagði: „Þar sem er sorg og þjáning er verið utan við takmörk hins guðlega. Það er einmitt það, sem er að heiminum ennþá, að hinu guðlega eru þar takmörk sett. Þar sem vantar samstillinguna við hinn guðlega kraft, getur sá kraftur ekki að notum komið. En guðlegan kraft kalla ég viðleitnina til hinnar fullkomnu samstillingar, sem er hin guðlega vera. Hvað hin guðlega vera sé, hafa menn satt að segja ekki haft neina rétta hugmynd um á jörðu hér, eins og skilja má af því, að menn eru að tala um guð, sem refsar og slær. Það mætti eins tala um að snjóaði úr sólinni. Þetta er hinn bjargandi sannleikur, að vita af alsambandi lífsins í alheimi sem verða á. Hvernig lífið á að sigra fullkomlega órafjarlægðir himingeimsins. Hvernig lífið í alheimi á að verða fullkomlega samstillt heild, með fullkomnum tókum á öllum öflun og möguleikum tilverunnar.“ Og ennfremur segir dr. Helgi: „Því betur sem oss auðnast að verða guðunum



samtaka, því alvarlegar sem vér reynum að samstilla hugi vora guðlegri vizku og guðlegum góðleik, því fyrr munum vér finna blæinn, sem boðar oss, að nú fari að verða fagurt að lifa, en lokið slysunum.“

Ég hef drepið hér á að sumt af því, sem menn kölluðu fjarstæður hjá dr. Helga er nú að verða að raunveruleika. En hitt er meira um vert að sumir frægustu vísindamenn virðast nú vera að nálgast höfuðkenningar hans, án þess þó að þeir hafi lesið rit hans. Ég vil t. d. benda yður á að lesa með athygli bókina „Stefnumark mannkynsins“, sem nýlega er komin út í þýðingu séra Jakobs Kristinssonar. Hún er eftir einn af frægustu vísindamönnum, sem nú er uppi, Lecomte de Noüy, sem hefur verið samverkamaður Sir William Ramsay og Curie-hjónanna og starfað bæði hjá Rockefeller-stofnuninni og Pasteur-stofnuninni í París. Bók þessi kom fyrst út samtímis í Bandaríkjunum og Kanada í febrúar 1947. Um hana sagði eðlisfræðingurinn og Nobelsverðlaunamaðurinn dr. Robert A. Millikan: „Hér er sýnt fram á það með vísindalegum skilningi hvernig efnishyggjan hlýtur að líða skipbrot. Þetta getur enginn gert jafn vel, nema því aðeins að hann sé gagnkunnugur nýjustu uppgötvunum í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði og heimspeki. Bókin er fullkomin bæði frá sjónarmiði vísinda og trúar. Hún er svo gagnmerk, að slíkar bækur eru ekki ritaðar nema einu sinni eða tvisvar á öld.“ Bókinni var tekið svo vel að fimm útgáfur komu af henni á þremur mánuðum. Skilur það stórum og þær dauflegu viðtökur sem Nýalsbækurnar fengu hér á landi.

Í þessari bók segir meðal annars: Maðurinn er kominn á það stig að hann getur betrað sig. Vegna þess að hann hefur frjálrsæði til að velja og hafna, kann að gera greinarmun góðs og ills, þá mun spretta upp af þessu manngöfgi, og það er takmark framþróunarinnar. Réttlæti er að virða einstaklingsæðlið, ranglæti að berja það niður. Þetta er höfuðatriði

framþróunar. Og til þess að geta þroskzt verður maðurinn að brjóta í bág við eðlishvatir sínar. Lögmaál framvinduunar er að keppa hærra og hærra, og sú barátta verður jafn hörð þótt hún færast af sviði efnisins inn á svið andans. Guðdómsneistinn er í oss. Vér erum frjálsir að því að sniðganga hann og kæfa hann, eða færast nær guði með því að sýna í verkinu að vér viljum vera honum samtaka. Margir fara breiða veginn, en fáir þann þrönga. En það eru þessir fáu sem ætíð hafa rutt framþróuninni braut. Þessir sárfáu menn hafa hlýtt ómótstæðilegu kalli og ósýnilegri forystu. Þeir hafa hlýtt æðra valdi. — —

Af þessu mega menn sjá skyldleikann við kenningar dr. Helga. Báðir eru þeir sannfærðir um tilvist guðdóms og það sé hlutverk mannsins að verða honum samtaka. Þeir eru einnig sammála um að framvindustefnurnar séu tvær, og hægt sé að breyta um frá helstefnu til lífsstefnu. En dr. Helgi hefur fram yfir athuganir sínar á eðli svefns og drauma og þær ályktanir er hann dregur af þeim um lífmagnið (biodynamik) og samband lífsins í alheimi.

Hvorugur kemst hjá getgátum sums staðar en þær getgátur eru þó rökstuddar. De Noüy segir að vísindamaðurinn verði alltaf að styðjast við getgátur að nokkru leyti. Hann bendir á það, að þegar Einstein var að sanna afstæðiskenningu sína, þá varð hann að reikna með 12 atriðum, sem engin leið var til að sanna, en þetta varð þó lykillinn að kjarnorkuvísindunum. Þetta er sagt til athugunar þeim, sem hafa áfellt kenningar dr. Helga vegna þess að þar er stundum stuðst við getgátur.

Dr. Helgi kaus að rita á íslenzku vegna þess hvað honum þótti málið göfugt og fagurt. Hann vissi vel hvað hann sneið sér þröngan stakk með því að rita um alheimsvísindi á því máli, er aðeins 150 þúsundir manna skilja. En honum var það jafnframt metnaður að Íslendingar tileinkuðu sér fyrstir manna hina nýju lífsskoðun. Undir niðri var hann sér þess



þó meðvitandi, að skilningur á þessu mundi festa rætur við-  
ar. Það var í fullu samræmi við kenningar hans að hugsanir  
gætu borizt heimsendanna milli. Þess vegna áttu hugsanir  
hans að geta komið fram í heilum annarra manna langt úti í  
löndum og borið þar ávöxt. Hugsunin er lífmagnaður kraft-  
ur og getur aldrei eyðzt. Hún kemur fram þar sem hæfileik-  
ar eru fyrir til að veita henni móttöku. Þess vegna er það, að  
ýmislegt nýtt kemur upp á ýmsum stöðum svo að segja sam-  
tímis. Því getur svo farið að vér landar hans aðhyllumst fyrst  
kenningar hans er þær koma til vor frá eins konar „endur-  
útvarpi“ úti í löndum.

Að dr. Helga látnum skrifaði Guðmundur Kjartansson  
jarðfræðingur minningargrein um hann. Segir hann þar að  
kenning dr. Helga í jarðfræði gnæfi hátt upp úr þyrpingu  
margprófaðra og viðurkenndra kennisetninga og hafi því  
orðið að standa af eigin rammleik. Styrkur hennar voru upp-  
götvanir fádæma glöggskyggns náttúruskoðara.

Sú kemur tíðin að eitthvað líkt verður sagt um kenningar  
hans og uppgötvanir í lífmagnsfræði, því að það eru einnig  
uppgötvanir í náttúrufraði.

## DR. HELGI PJETURSS 75 ÁRA

*Gæzkurikar hulins hendur hjálpa, er mikið liggur á.  
Öllum tímum engill sendur í örðugleikum hjá oss stendur  
traustlega, og því trúa má.*

\*

*Hver á þakkir þúsundfaldar? Það er hann, sem ljósið ber,  
gegnum móðu myrkuraldar, mæðudaga, tíðir kaldar;  
veifar hátt, svo veginn sér.*

*Oft er litil þökkinn þjóðar, þeim til reidd, sem undan fer.  
Í örðugleikum æfi slóðar, óskir tæpast fær hann góðar,  
og lofið smátt sá ljósið ber.*

*Enginn hefur áður borið undraljósið herra en þú,  
gefið mönnum vissu um vorið, vilji þeir ganga fyrsta sporið  
með þér Helgi á himinbrú.*

*Dagurþref og fornir fjötrar færa menn af rétttri leið;  
í heimsku sinni heimur lötrar heljarveg, sem undir nötrar  
tímans ólmu tröllareið.*

*Mætti' ei vekja gremi goða glópskan stóra öðru meir,  
sem sér ei þeirra sendiboða, en syndir undan, beint í voða,  
á bjarta leið þó bendi þeir.*



Þúsundfaldar þunga steina, þeirra, sem úr veg er rutt, —  
hjálpalaus með andúð eina, öðrum frá, við björgin reyna  
aflið sitt af engum stutt.

Gömul, ný en sorgleg saga svartan skugga með sér ber.  
Þegar líður lífs á daga leiðtogans, æpir fólksins þvaga:  
Sjáðu nú fyrir sjálfum þér!

Stórvirkis, sem heim upp hefur, hróður seinni tími ber.  
Ef samtíð ekki gaum að gefur, — glatað tækifæri hefur.  
En verk á laun í sjálfu sér.

Allra sannra Íslendinga áttu, Helgi, skilið þökk.  
Landsins ómar lof þér syngja. Lengi mun að vonum hringja  
þér til heiðurs klukka klökk.

Rísi hátt við himin bláan — hækkar sól og bjartar skín —  
yfir þokuþiril gráan, þröngan sjónhring, skilning lágan,  
stjörnusambandsstöðin þín.

\*

Stattu með oss sterki „andi“; styddu þessa smáu þjóð,  
svo hleypidóma heimsku vandi hana beri ei að grandí,  
gegnum alda ólguflóð.

ÞÓRARINN ÞORLEIFSSON  
Skúfi

# SPÍRITISMINN OG ÍSLENZK HEIMSFRÆÐI

Andaheimi hrundið,  
handrið aðeins standa.

ÞORBJÖRN ÞORSKABÍTUR

## I

Það hefur verið rótgróin skoðun, að svæði trúarbragðanna verði aldrei rannsakað vísindalega og mun líka reynast þannig, svo lengi sem menn fá ekki losað sig við trúna á anda og andaheim. Sá heimur eða sú tilvera geta af eðlilegum ástæðum aldrei orðið rannsóknarefni náttúrufræðinganna, því að þar yrði aldrei hægt að leggja til grundvallar þann skilning, sem menn hafa öðlast á náttúrunni. Séð út frá sjónarmiði náttúrufræðingsins er tilvera anda og andaheims alveg óskiljanleg. En á þann hátt sem dr. Helgi Pjeturss hefur tekið á þessum málum, horfir þetta allt öðruvísi við. Með því að gjöra ráð fyrir öðrum stjörnum í stað anda og andaheims, og líkamlegri framhaldstilveru í stað andlegrar, eru aftur á móti lagðir hornsteinar að vísindabyggingu á sviði trúarbragðanna. Með þeim skilningi, sem þar kemur til greina, til að sjá möguleika til þess, að lífið sé áfram á öðrum jarðstjörnum, verður loks brugðið ljósi yfir svæði trúarbragðanna og takmörkunum vísindanna eytt. Má undarlegt heita, hve menn hafa til þessa verið tregir til að átta sig á þessu, svo mikil hjálp, sem þeim mætti þó verða að því að færa sér þann skilning í nyt.

## II

Eins og þeim mun kunnugt vera, sem lesið hafa nokkuð að ráði í ritum dr. Helga Pjeturss, þá sýnir hann mjög víða



fram á það, að þar sem í ritum andatrúarmanna er verið að lýsa lífinu eftir dauðann, er einmitt verið að lýsa lífi á öðrum jarðstjörnum. Hefur sem vonlegt er vegna hinnar ríkjandi andatrúar sjaldan tekizt að koma þessu í gegn óblönduðu, eða án áhrifa þaðan, en ef að er gætt, má vel sjá, að viðleitnin til þess er rík. Tek ég hér af handahófi, til dæmis úr erindi, sem Einar H. Kvaran flutti fyrir Sálarrannsóknafélag Íslands árið 1920 og prentað er í tímariti þess, „Morgni“, 1921 og heitir „Hvað er oss sagt úr öðrum heimi“. Tekur E. H. K. þar meðal annars upp eftir nafnkunnum presti og spíritista, sem skrifar ósjálfrátt um vansælustað og segir að þar séu „moldarkofar og fáeinar hellur reistar til skýlis fyrir íbúana. Eldar voru á húslausum svæðum til að lýsa þeim. Umhverfis þá voru margir hópar, sumir sátu þegjandi og horfðu í eldana, aðrir voru með miklum hávaða og gný og enn aðrir voru reiðir og í áflogum.“ Er ekki annað hægt að segja en að lýsing þessi sé nokkuð efniskennnd eða veruleikaleg, rétt eins og hún ætti heima hér á jörðu eða annarri enn frumstæðari. Og staðlegt má það líka heita sem í sömu ritgjörð er sagt frá svokölluðu sumarlandslífi. Þar segir meðal annars: „Í grænni og gullslitri brekku ilmandi af margskonar blómum, er hús með göflum eftir gamalli tízku, með mörgum turnum og gluggum. Tré eru þar og grasvellir og í dalverpi er stórt vatn og þar leika sér marglitir og fallegir fuglar.“

### III

Þó að andatrúarmenn hafi nú að vísu hugsað sér tilveru þessa, sem að framan er lýst, í annarri tegund efnis en þeirri, sem við þekkjum hér, en slíkan hugsaðan veruleik er auðvitað lengi hægt að teygja og toga eftir fáfræði sinni. Þá má furða heita, að mönnum skuli þó ekki geta komið til hugar aðrar jarðstjörnur í sambandi við svona lýsingar. Stafar slíkt víst af því, hve menn hafa þrátt fyrir allt, stjörnumar

jafnan svo lítið í huga. „Mennirnir muna ekki nógu vel eftir stjórnunum,“ eins og á einum stað stendur í Nýal. Þeir gleyma Brúnó eða því, hversu hann ruddi brautina, og halda sig í þessum efnum við hugmyndir þeirra, sem lítinn sem engan skilning höfðu öðlazzt á heiminum og tilverunni, eða framhaldi þeirra hugmynda. Geta þær hugmyndir þó eins og áður var sagt, aldrei orðið viðurkenndar af þeim, sem vit vilja hafa við og sanna náttúruskoðun, og er það af því, hversu margir hinir ágætustu náttúrufræðingar og vísindamenn, hafa verið tregir til þess að trúa sönnunum þeim sem fengizt hafa fyrir framhaldslífi. En til stuðnings því, að bústaðir framliðinna manna séu á öðrum jarðstjörnum, kemur nú ekki einungis þetta, sem áður var á vikið, þetta hve lýsingarnar af framlífinu eru jafnan staðlegar rétt eins og það væri jarðneskt, heldur má líka víða benda á það, sem andatrúarmenn virðast ekki hafa tekið eftir eða athugað, að miðilssambandið er fjarsamband. Má þar t. d. nefna grein í „Morgni“ 1928. Er þar sagt frá miðilsfundi, sem haldinn var í Reykjavík. Var hin skyggna kona Margrét Thorlacíus þar viðstödd. Sambandsvera hennar, „Friðrik huldulæknir“ talaði fyrir munn miðilsins á fundinum. Sagði hann meðal annars, að sýnir Margrétar væru viðburðir, sem gerðust í órafjarlægð, eða svo fjarrænt, að þeir þarna á fundinum myndu varla geta ímyndað sér það. Að sýnirnar virtust bundnar við vissa staði, svo sem kletta, væri af því, að augað þyrfti að festa sig við eitthvað. Er annað eins og þetta í góðu samræmi við lífgeislakeninguna, en ekki hinn spíritiska „skilning“, og ber þar enn að sama brunni, þar sem um hamfarir er að ræða. Verða þær óskiljanlegar frá öðru sjónarmiði séð en einmitt þeirri kenningu. Í „Morgni“ frá 1928 er einnig sagt frá slíku fyrirbrigði. Er þar getið um konu, sem allt í einu var hrifin burt heiman frá sér og líkamnaðist samstundis á miðilfundi.

Í grein eftir Einar Benediktsson, er nefnist „Alhygð“ og



birtist í „Eimreiðinni“ 1928, segir frá slíkum hamförum Indverja nokkurs. Er þar sagt að hann hafi getað leyst upp og komið fram í öðrum stað. En síðar segist Einar hafa frétt, að Indverji þessi hafi eitt sinn horfið með öllu og lægi nú ekki óbeint við að ætla að hann hafi þá flutzt til annarrar jarðar. Er fyrir þann, sem farinn er að sjá fram á þá miklu möguleika lífsins, sem skilningurinn á lífgeislaninni veitir, ekki ástæða til að fortaka svona sögur, þótt ótrúlegar virðist, en möguleikinn til þessara atburða er sá, að lífsafl það, sem heldur saman efnun líkamans, geisli sér svo mjög til einhvers annars og skylds staðar, að hann byggist þar upp af þeim efnun, sem þar eru fyrir, en hin samsvarandi efni leysist upp og hverfi, þar sem hann var. Er einmitt á þann veg skilningur hinnar íslenzku heimsfræði, á framkomu deyjandi manns á annarri jörð, þótt upplausn hins deyjandi líkama verði venjulega ekki með svo skyndilegum hætti, sem hér var af sagt. En þegar á það stig væri komið væri heldur ekki framar um neinn dauða að ræða eða dauðþjáningar, heldur aðeins flutninginn, sem dauðanum er samfara, flutninginn til annarra og afl-betri staða.

#### IV

Veturinn 1928—29, gerði ég ásamt öðrum nokkrar sambandstilraunir með gleri og stafrófi. Er slík aðferð alkunn og mun hún í eðli sínu vera skyld ósjálfráðri skrift. Kom þar ýmislegt fram, sem gaman var að, og voru þó þessar tilraunir eins og vænta má mjög í ófullkomleika. Eitt sinn kom þar fram maður, sem sagðist hafa verið nafnkunnur Íslendingur á 13. öld. Hann kvaðst nú eiga heima á jarðstjörnu í 3. vetrarbraut héðan, og væru þar 3 sólar á lofti, hver annarri fegurri, ein blá og tvær hvítar. Var þetta auðvitað mjög í samræmi við það sem ég og aðrir þátttakendur tilraunanna höfðum lesið í Nýal, að framlíf hans væri á annarri jörðu og kynni því sumum að þykja þetta lítil sönnun fyrir því máli.

En nokkur ástæða mætti þó vera til þess, að ætla það ekki eintóma markleysu af því, sem á eftir segir. Var fornmaður þessi eitt sinn, sem þá eins og jafnan var aðalstjórnandi tilraunanna, spurður um horfur hér á jörðu. Sagði hann þá að heimsstyrjöld myndi hefjast árið 1939 og ægilegri miklu enn styrjöldin 1914—18. Myndi hún byrja milli Evrópuþjóðanna. Fyrir Ísland sagði hann að styrjöld þessi yrði til fjárhagslegs hagnaðar. Var á fleiri tilraunum eftir þetta vik-ið að þessum spádómi mjög á sama veg, en þó nokkru meira, t. a. m. var sagt einhverju sinni að Þjóðverjar myndu verða einna verstir viðureignar til sátta og styrjöldin myndi byrja 1937. Var ásamt þessum spádómi, talað um að kenningar dr. Helga Pjeturss mættu bezt verða til þess að afstýra ógæfunni. Það sem gerðist á þessum tilraunum, var strax fært inn í bók og vottfest.

## V

Þetta voru nú eins og áður segir, smátílaunir, gerðar við léleg skilyrði og þurftum við ekki að sækja þangað vitn-  
eskju um hvað bezt mætti bjarga. Það hafði ég þá þegar gert mér ljóst. Mér var þá ljóst orðið, svo sem mér er enn, að til þess gat aðeins dugað fullkomnara samband við lengra komna íbúa annarra hnatta. Mér var þá ljóst orðið og öðrum, sem að þessum tilraunum stóðu, að dr. Helgi hafði rétt fyrir sér. Þar. En fyrir spádóm þennan um styrjöldina, er svo nákvæm-  
lega rættist, mætti þetta verða nokkuð til áréttingar máli hans. Það, að hinum framliðna fornmanni skyldi takast að segja það fyrir, sem enginn vissi þá hér, mætti telja nokkra tryggingu fyrir því, að hann hafi einnig rétt sagt það, sem við þóttumst vita eða skilja, að kenningar dr. Helga mættu bezt bjarga. Og sé nú að því gætt, að þetta skyldi takast ein-  
mitt, þegar viðstaddir voru aðeins Nýalsmenn, þá mætti það vera nokkur bending um, hvað myndi geta tekizt hjá sam-  
stilltum hóp, þannig sinnaðra manna, ef skilyrði væru góð.



Get ég ekki betur séð, en að það færi nokkrar líkur fyrir því, að rétt muni vera, sem dr. Helgi hefur sagt, að með því að byggja á þeim skilningi, sem hann fyrstur hefur fært, megi loks fara að verða framfarir, í þessum efnum, sem svo framfaralaus hafa verið, allt frá því að sögur hófust.

[

BJARNI BJARNASON  
*Brekkubæ*

# NOKKUR ORÐ UM FRAMLÍFIÐ

En hleypidómarnir þoka  
seint og treglega.

DR. MATTHÍAS JÓNASSON.

## I

Rit spíritista má eflaust telja með því merkasta, sem ritað hefir verið um framhald lífsins, og má með sannni segja, að þeir hafi sannað það fullkomlega. En í hinu hefir þeim tekizt miður að staðsetja framlífið og hafa í fljótræði gripið til hinnar ævafornu og frumstæðu andatrúar, sem aðeins er skiljanleg á þeim tímum, sem hvorki var vitað, að jörðin er hnöttur hvað þá um aðra hnetti. Allt tal spíritista um anda í andaheimi er því óvísindaleg, órökstudd fullyrðing, sem einn hefir gagnrýnislaust eftir öðrum, líkt og börn erfa vanalega trúarbrögð foreldra sinna. Enda mun erfitt að benda á nokkurn, sem uppgötvað hafi andaheiminn, eins og vanalega er hægt, þegar um þekkingaraukningu er að ræða.

Þá, sem lesa frásögur af lífinu fyrir handan hleypidóma-  
laust, hlýtur af lýsingunum að gruna að þar sé verið að segja frá líkamlegu lífi á öðrum hnöttum og það því fremur sem mjög víða er skýrt tekið fram að svo sé. Og því meira og betur, sem lesið er, því fyrir verður sá grunur að vissu. Skulu hér teknar nokkrar glefsur úr slíkum frásögum þessu til stuðnings og til athugunar þeim, sem trúnað leggja á slíkar sögur, en halda þó, að þar sé verið að segja frá einhvers konar andalífi.

Þá verður fyrst fyrir „The Voices“ eftir Usborne Moore, en þótt bókinn sé yfir 400 blaðsíður og mestmegnis samtöl við framliðna, er aðeins einu sinni spurt, hvar „andaheimurinn“ sé, og er það táknrænt fyrir áhugaleysi spíritista á að fræðast



um framlífið. S. 155 segir framliðinn maður: „Enginn hlutur er til heima, sem ég get ekki haft hér.“ Þetta munu nú andatrúarmenn vilja skýra og segja, að þar sé aðeins um „andlega samsvörun“ hlutarins að ræða, hvernig svo sem það samrýmist nokkru því, sem nefnt er vísindi. S. 158: „Við búum við jarðstjörnulegar aðstæður.“ Á næstu bls. segir framliðinn um líkamina: „Við getum bæði gert þá mjúka og stífa, en við viljum heldur hafa þá sterka og samanrekna (condensed).“ S. 288 kveðst framliðinn maður hafa undrazt hið skemmtilega umhverfi, sem hann kom í, er hann fór yfir á hina hlið „sviðsins“ Merkúríusar (eða hnattarins, eins og sphere þýðir eiginlega. Kemur hér víða fram hin rétta og upprunalega merking tveggja uppáhaldshjátrúarorða andatrúarinnar: sphere = hnöttur; astral = stjörnulegur). Þar er einnig sagt, að skiptist á sumur og vetur, og er það harla ólíkt því, að um andaheim sé að ræða. Fæ ég illa skilið, hvernig fannfergi og frosthörkur geti verið utan efnisheimsins.

Í bók J. Millers, „Frá öðrum heimi“, segir framliðinn s. 16, að „andlegi líkaminn“ sé „mjög svipaður þeim efnislega“. Á samtalinu s. 64 sést, að framliðnir eru lítt hrifnir af því að vera kallaðir andar: „Og þar af leiðandi fluttist þú yfir í andaheiminn?“ „Áttu við, að ég hafi farið yfrum . . . þú ætlar þá að byrja líka á sama ruglinu?“ Og s. 83: „Það, sem hér hefir verið sagt, getur hjálpað til þess að koma ykkur í skilning um, hversu lífið hér er að mörgu leyti líkt lífinu á ykkar jörð.“ Takið eftir orðalaginu „ykkar jörð“.

Í Bláu eyjunni leggur hinn látni spíritisti W. Stead ríka áherzlu á, að allt sé „eins hlutkent og líkamlegt og í veröldinni, sem við skildum við.“ Hann biður menn að trúá sér, er hann segi, að þetta sé eins og að vera í ókunnu landi og engu öðru. Og um „anda“, sem hann hitti í „andaheiminum“ segir hann: „Hann virtist jafn jarðneskur og ég.“ „Það var því líkast, að vér værum farin að lifa jarðlífinu á ný, svo

var allt líkt því, sem er á jörðinni,“ segir hann s. 88. Stead segir að til séu fleiri „eyjar“ og lýsir ferð sinni þangað: „Það var því líkast, að ég ferðaðist meðal stjarnanna. Það virtist, sem vér færum frá vorri jörð (þarna segist hann vera á annarri jörð) og ferðuðumst um geiminn, þangað til við komum á aðra stjörnu, annað land.“ Og á þeim stjörnum segir hann, dveljist fólk, sem lifað hafi á jörðinni. S. 97 segir Stead: „Milli vor og hins mikla lokatakmarks er eins langt og frá yður og til fjarlægustu stjörnu.“ Í því liggur að menn eigi að þróast stjörnu, af stjörnu óendanlega, því að engin stjarna getur verið „fjarlægust“ í óendanlegum heimi. Og enn segir hann: „Mér hefur ekki hlotnast neinn máttur, sem venjulega er tileinkaður öndum og álfum. Ég er ennþá venjulegur maður . . . Eina breytingin, sem orðið hefur á mér, er sú, að ég er snarari í hreyfingum og hraðvirkari.“ Og neðar: „Eins og þér eruð nú svo verðið þér, þegar þér komið hingað.“

Þetta minnir á það, sem drengskaparmaðurinn Dennis Bradley hefur eftir framliðnum s. 48 í bók sinni „And After“: „Þetta er ekki fremur andaástand en það, sem ég var í (á jörðinni) . . . Ég er enn í efnisástandi í miklu fegurri og þægilegri líkama.“ Og s. 34 segir framliðinn, að þeirra heimkynni sé traust jarðstjarna (solid planet) og segir, að framliðnir gangi á efniskennendum jarðvegi (material ground).

Þá má geta um „Á landamærum annars heims“ eftir Arthur Findlay, sem einna ákafast heldur fram trúnni á eterheim. Þar hefur hann þetta eftir framliðnum s. 129: „Nei, við lifum ekki í neinum draumheimi. Eins og ég hef sagt, lifum við í verulegum og ápreifanlegum heimi.“ Þetta skyldu menn nú ætla, að andatrúarmönnum þætti skritið. En svo er ekki. Á næstu bls.: „Okkur finnst nú þessi eterlíkami alveg eins staðgóður eins og okkur fannst jarðneski líkaminn.“ Þá segir, að jurtirnar í „andaheiminum“ geti af líkamnast, og mun andatrúarmönnum þykja það í ótrúlegasta lagi, því að þeir halda, sem kunnugt er, að allt sé þar



líkamalaust, og það, sem er líkamalaust, getur auðvitað ekki aflíkamazt. Findlay kveðst s. 171 hafa fundizt mikið til um það, „hve þeir (framliðnir) hafi haldið því fram, að þeirra veröld sé verulegur heimur og hvernig þeir líta á þennan heim vorn sem ekki annað en lélega eftirlíkingu af þeirra heimi.“ Samkvæmt því á okkar heimur að vera andaheimur! Ef okkar heimur er eftirlíking framlífsheimanna, eins og Findlay kveður framliðna menn fullyrða, geta þeir auðvitað ekki verið alls annars eðlis en okkar heimur og hljóta því að vera aðrar jarðstjörnur. S. 179: „Eterlíkamarnir eru ekki aðeins að öllu leyti líkir vorum jarðnesku líkómum, en þeir eru líka eins verulegir og ápreifanlegir eigendum sínum og vorir líkamar eru oss.“ Og 10. nóv. 1951 segir Findlay í *Psychic News*, útbreiddasta spíritistablaði heimsins, að í þeirra heimi séu fjöll og dalir, ár og vötn, blóm, bókasöfn og yfirleitt „allt, sem við höfum á jörðinni“.

Loks má minna á hina stórmerku, vesturíslenzku bók „Bréf frá Ingu“, 3. hefti, sem flytur boðskap frá rúmlega 50 framliðnum íslenskum merkismönnum. Og segjast þeir allir lifa á öðrum hnöttum. Þetta, sem haft er eftir Ingu, s. 53, nægir til að sýna, hver sannleiksblær er á bókinni: „Ekki vitum við, hversu margir hnettir það eru, sem taka við jarðar-búum eftir því, sem þroskinn vex hjá fólkinu; en við vitum það, að þeir eru margir; get ég ímyndað mér, að enginn viti um tölu þeirra.“

## II

Eitt er hér ótalið, sem tekur betur en nokkuð annað af öll tvímæli um það, að framlífið sé líkamlegt líf á öðrum hnöttum. En það er, að fæstir framliðnir menn virðast skilja fyrr en seint og síðar meir, að þeir séu framliðnir, ef trú á því, sem í ritum spíritista stendur. Þetta munu nú andatrúarmenn vilja skýra og segja, að hinn látni sé „ekki búinn að átta sig“ og láta þar við sitja. En á hverju er hann ekki búinn að átta sig? Auðvitað á því, hvernig geti á því staðið, að

hann sé í líkama úr holdi og blóði og þó dauður! Ja, það er sízt að furða þó að menn ruglist við slíkt. Skulu hér tekin örfá dæmi þessu til sönnunar.

Í bókinni Frá öðrum heimi, sem áður var getið, stendur s. 62: „Sumir vilja alls ekki trúa því, að þeir séu komnir burtu af jörðinni, og það tekur langan tíma að sannfæra þá um það. Þér mun nú þykja þetta undarlegt, en samt er það alveg satt.“ S. 72: „Þú skalt vita það, að hér eru andar, sem eftir ykkar tímatali eru búnir að vera hér árum saman og skilja ekki né reyna að skilja í því, að þeir séu komnir burtu af jörðinni. Og það er mjög erfitt verk að sannfæra þá.“ Þetta eru stórfróðleg orð og eftirtektarverð. Gætið að þessu. Framliðnir halda að þeir séu enn á Jörðinni, svo líkamlegir eru þeir og allt efniskennt umhverfis þá! En við því er varla að búast, að þeir skilji, að þeirra jörð er ekki okkar, heldur önnur. Því að öllu öðru hafa þeir fremur fengizt til að trúa en að þeir hyrfu á aðra hnetti til fullkomnara lífs.

Dowding lávarður segir í bók sinni, „Mörgum vistarverum“, s. 36, „að þeim („sálunum“) takist jafnvel ekki yfirleitt að gera sér grein fyrir því fyrst í stað, að þær hafi farið yfir landamærin“. S. 41 segir látinn sjómaður: „Þá rann það mjög hægt upp fyrir okkur, að við myndum vera það, sem við vorum vanir að kalla „dauðir“, en það var svo mjög mikið á annan veg, að ég gat varla trúað því.“ Á næstu bls. segir jafnvel: „Mér er ekki vel ljóst, hverjir eru „lifandi“ og hverjir eru „dauðir“, þeir eru hver öðrum líkir.“ Pólverji nokkur lýsir dauða sínum á vígvellinum og kveðst hafa orðið býsna undrandi, er hann sá, að hann var snögglega kominn í ókunnugt umhverfi og heldur í fyrstu, að hann hafi verið tekinn til fanga. S. 49 lýsir framliðinn maður undrun sinni yfir því, að hann skuli vera óbreyttur. Og hver mundi treysta sér til að telja þann mann óbreyttan, sem kæmist í eitthvert ósýnilegt gufuástand við dauðann? Og s. 80 er skemmtilega sagt frá hermanni, sem strax eftir dauða sinn



fór að skima eftir mal sínum. Og þá sér hann, að hann er kominn í ókunnugt umhverfi og skilur ekki, hvernig í því liggir. Spyr hann þó, hver hafi flutt sig í þetta ókunna land. Og svo fjarlægð er það honum, að hann sé látinn, að hann spyr, hvort hann sé eiginlega kominn vestur um haf!

Þá segir Emil Kleen í bók sinni um Swedenborg 1920, s. 593: „Líking beggja heimanna er svo mikil, að hinir framliðnu taka ekki strax eftir því, þegar þeir vakna í andaheiminum, að þeir séu framliðnir. Öll náttúran . . . er lík í báðum heimunum.“

Svo að tekið sé nærtækara dæmi, má nefna leikritið Hallstein og Dóru eftir Einar H. Kvaran, sjálfan brautryðjanda spíritismans á Íslandi, sem leikið var í útvarpið fyrir fáum árum. Er leikritið mjög vel gert, því að þar varð reynsla Einars af sálarrannsóknunum sterkari en hleypidómarnir. Segir þar frá manni nokkrum, sem deyr í reiðikasti, minnir mig, og vaknar í myrkri. Undrast hann, hví aldrei skuli birta. Er af því auðvitað, að hann er kominn á myrkurhlið jarðstjörnu, sem snýr alltaf sömu hlið að sólu, eins og ástatt er t. d. á Merkúrísu okkar sólkerfis. Unnusta hans látin kemur til hans og reynir að koma vitinu fyrir hann, en hann bregzt fár við og þó sýnu verst, er hún segir, að nú sé hann framliðinn. Það finnst honum hin mesta fjarstæða.

Þetta, hve seint látnir menn virðast skilja, að þeir séu látnir, bendir ótvírætt til þess, að menn fái við dauðann líkan líkama (= líkur hamur) — og þá auðvitað úr holdi og blóði, því að annars væri hann ekkert líkur. Og þá hlýtur framlífið að vera á öðrum hnöttum, enda þekkjum vér enga tilverustaði aðra utan jarðar vorrar. Því að hvað er líklegra en lífið grói ekki í neinum óskiljanlegum andaheimi í hinu helkalda rúmi milli stjarnanna „utan við rúm og tíma“, heldur einmitt að heimkynni lífsins séu hinir óendanlega mörgu hnettir alheimsvíðáttunnar?

GUDM. KRISTINSSON  
Selfossi

## TVÆR ATHUGANIR

### I

Eins og ég hef getið um áður, þá gerði ég mér ljóst eftir að hafa í fyrsta sinn verið við það að reka lambfé á fjall, að eftirómur fjárjarmsins, sem ég þóttist heyra á heimleiðinni og eftir að ég var kominn heim, átti sér ekki upptök í heyrnarvitund minni, eins og margir mundu þó ætla, heldur í utan- aðkomandi hljóði, sem mér barst um leið og ég þóttist heyra hann, en ég aðeins rangþýddi fyrir jarm. Varð þessi bernskuathugun mín síðar til þess, að ég gerði mér fyrir hana ljósara en ella, hversu maður rangþýðir í svefninum flest það, sem frá draumgjafanum berst, og gerir úr því eftiróma liðinna atburða úr vöku. Ber það þannig að skilja, að þegar maður er þreyttur eða í svefni, berist skynjan hans allt ófullkomlega, þó að það hins vegar geti þar orðið til þess að vekja endurminningar um annað, sem betur var skynjað einhvern tíma áður, og að það verði því aðeins þetta áður og betur skynjaða, sem vitundin gerir sér grein fyrir. Og eins þykir mér athugun þessi verða til að sýna fram á, hversu hið áður og betur skynjaða er þó eitt út af fyrir sig ófullnægjandi til þess, að draumur eða eftirskynjan verði til. Eins og ég þurfti þess með að heyra vatnanið eða vindabyt, til þess að mér vaknaði eftirómur fjárjarmsins, þannig þarf ég, til þess að mig dreymi, að njóta að einhvers draumvaka, sem er meira en eftirskynjanirnar einar saman. Veit ég því ekki, nema þessi athugun mín sé hin bezta, sem ég hef gert í þessu sambandi. Og einhvern tíma nú fyrir skömmu, þegar mér kom þessi at-



hugun mín í hug, fór ég að hugsa um aðra athugun, sem ég gerði löngu síðar, og hvort hún kynni nú ekki einnig að hafa einhverja þýðingu. En tildrög þeirrar athugunar voru þau, að ég lá veikur í herbergi með blámáluðum timburveggjum en hurð og dyraumbúnaði brúngulum að lit. Blöstu dyrnar við mér, þar sem ég lá, og hafði ég þær því löngum fyrir augum. Og þá fór ég einhvern tíma að taka eftir því, að er ég hafði um stund horft á hinn brúngula lit dyranna og leit svo þar af á blátt þilið, að þar kom þá mynd af dyrunum, ekki brúngul eins og dyrnar, heldur fagurblárri miklu en þilið í kring. Kom þannig í ljós, að við það að sjónskynjan mín þreyttist eða mettaðist af hinum brúngula lit varð hún fyrst á eftir næmari gagnvart andstæðu hans, þar sem var hinn blái litur timburþilsins, og næmari fyrir henni þó aðeins á jafnstórum bletti og dyrnar voru.

## II

Eins og ég sagði, þá leiðir hin fyrri athugun það ákveðið í ljós, að eftirskynjanir eiga sér ekki stað án þess að enn aðrar skynjanir verði samtímis til þess að vekja þær, og eru draumar manna þar mjög auðsæ hliðstæða. Það sem sú athugun ræðir um, er að uppgötva raunveruleik, sem áhrif endurminninganna gera erfitt fyrir að skynja á réttan hátt, uppgötva það, að þetta sem mér virtist vera eftirskynjanir, var í rauninni annað. En hvað hina athugunina snertir, þá sýnir hún á hinn veginn fram á, að ofmettun einnar tegundar skynjunar getur aukið á næmleikann fyrir hinu gagnstæða. Og nú kemur mér í hug ein staðreynd í sambandi við drauma, staðreynd, sem ég hef að vísu ekki reynt sjálfur, en aðeins heyrt getið um. En hún er sú, að menn sem komizt hafa í það að svelta um langan tíma, dreymi þá venju fremur um mat, og hefur það auðvitað þótt benda til þess, að óskir eða hugsanir dreymandans væru þar uppistaða draumanna. En hér þykist ég nú geta séð fram á, að svo þurfi ekki heldur

að vera. Undiralda þess, sem hinn sársvanga mann dreymir, þarf ekki frekar en verkast vill að vera matur eða hugsun um mat, heldur gæti raunveruleikinn verið sá, að hin langvarandi sultartilfinning geri hann eins og ofnæman fyrir þeirri fró, sem svefngleymiskan veitir honum, láti honum finnast hún ekki einungis svo sem hún er, heldur meira, láti honum finnast hún vera saðning eða matarnautn. Rétt eins og mér sýndist hinn blái litur vera blárri en ella, þegar ég hafði um stund horft á hinn brúngula lit dyranna, þannig get ég hugsað mér, að hinum þjáða manni finnist um svefnfró sína, og er líka ekki að vita, nema hinn sársvangi maður sé öðrum næmari fyrir þeim veruleik, sem honum er hugleiknastur, og greini því betur sambönd sín við þá, sem þann veruleik skynja. Og svo er annað, sem ekki er alveg ástæðulaust að láta sér detta í hug í þessu sambandi. En það er, að undir niðri vaki æfinlega sú viðleitni í tilverunni að jafna á milli eða bera uppi hvern þann, sem þjáning og dauði leita á. Verður það að vísu ekki, nema þar sem samstilling er á háu stigi, að slíkt megi takast, svo að fullt gagn verði að. En viðleitni til bjargandi sambands við hvern þann, sem þjáist, þykir mér sem æfinlega hljóti að eiga sér stað, og væri þá ekki úr vegi að hugsa sér, að nefndir draumar sveltenda stöfðu eitthvað af þeirri viðleitni.

ÞORSTEINN JÓNSSON

*á Úlfsstöðum*



## FLUG

Mér kemur í hug, að orðið skáldflug sé komið af því, hve ástand hins fleyga skálds er líkt ástandi þess, sem í svefni þykist fljúga eða svífa. Er líka hvortveggja ástandið tilkomið fyrir magnan og kemur fram í öryggiskennnd og tilfinningu fyrir því að njóta sín. Þegar skáldi tekst upp, þykir því sem fjötrar hafi raknað eða örðugleikar hafi verið yfirstignir. Aðdragandinn var oft barátta, jafnvel um líf og dauða, eða fálmi í þoku. En skáldflugið sjálft er að sjá framúr þokunni og hafa örðugleikana að baki eða fyrir neðan sig, en við blasir útsýn til óendanlegra möguleika og fagnaðar. Kemur þetta fram í sumum tónverkum, og má skynja það þar, þó að um enga tæknilega þekkingu sé að ræða þess, sem á heyrir. Og allt í einu kemur mér nú í hug kvæði Kristjáns Jónssonar, „Tárið“. Þar segir einmitt svo ljóst og látlaust frá stundarsigri hins hrygga manns yfir sorginni; og þegar hann segist trúa, þá er þar um að ræða öryggiskennnd hins fleyga skálds. Og hversu hið raunverulega flug er undir óttaleysinu komið, sýnir vel það, sem mér hefir verið sagt, að hægt sé með óhljóðum eða gargi að hræða svo líttfleyga álftarunga, að þeir missi flugið og falli til jarðar. Er það líka samkvæmt því, sem mér hefir reynzt í draumi, því að einhvern tíma, þegar ég þóttist svífa, en varð hræddur, missti ég flugið eða getuna til að svífa lengra. Og margir munu kannast við söguna af Péttri postula, þegar hann vildi að hætti meistara síns „ganga“ á vatninu. Jesús var þarna stórlega magnaður af því, sem á undan var farið, mettun þúsunda og þeirri trú og

aðdáun fólksins, sem af því leiddi. Hann er svo algjörlega öruggur og hiklaus, að veldi hins æðri máttar nær svo tökum á honum, að aðdráttarmagns jarðarinnar gætir ekki. En Pétur hræðist, þegar á skal herða, og missir flugið eins og hræddur álfarungi.

Ég vék að kvæðinu „Tárið“ eftir Kristján Jónsson, og kynni nú einhver að spyrja, hvernig slíkt megi vera fyrirfari hins skáldlega flugs að tárast. En það hygg ég, að falið sé í því, að gráturinn sé einhverskonar eftirgjöf, sem geri hinum skapandi krafti auðveldara um að ná tökum eða koma sér við til hjálpar eða magnanar. Og ef til vill er það eitthvað úr þeirri átt, að sumir prestar gera sér klökkva, þegar þeir flytja bænir í kirkjum. Og á sumum kristilegum samkomum, sem vel kunna að vera eitthvað magnandi, kvað fólk beinlínis væla hvað í kapp við annað. Er engum dugandi manni láandi, þó að honum geðjist ekki að slíkri ergi, og er þó meira vert að hafa hér við vit og skilning en hneykslun og háð.

PORSTEINN JÓNSSON

á Úlfstöðum



## ÓSJÁLFRÁÐ SKRIFT

*rituð af frú Jóhönnu Sigfúsdóttur.*

Sumir segja, að náttúran sé miskunnarlaus, en það er hún ekki, aðeins að lögum hennar sé hlýtt. Í vanþekkingu sinni á lögum lífsins finnst mönnum oft, að litla miskunn sé að finna í atburðanna rás, en það er aðeins brot á Guðs eilífu lögum, brot sjálfs manns og annarra — orsakalögmálið.

Sé þannig breytt, fer svona og ekki öðruvísi. En svo erum við líka svo skammsýn, að við skiljum ekki oft og einatt hið góða, sem felst í því, er okkur þykir mótdrægt. En geri maður svo rétt, sem hann hefir vit á, á hverjum tíma, þá verður ekki meira krafizt. — Hvar er reynslan ekki sú, að Guð gjaldi einum og sérhverjum eftir hans verkum. Jafnvel mennirnir, svo ófullkomnir sem þeir eru enn, skrá þó söguna þannig, að flestir njóta sannmælis, þegar litið er til baka, þótt samtíðin sé oft treg og blind fyrir gildi manna og verka þeirra og ennþá tregari til að viðurkenna þau. En gallinn við það er sá, að samtíðin (fólkið) geldur þess sjálf. Því lengur sem einstaklingar og heild draga það að gera rétt samkvæmt lögmálum tilverunnar, því lengur sem þeir eru að villast, því bágara eiga þeir. Þeim mun lengra, sem haldið er áfram frá rétttri stefnu, því örðugra er að finna hana aftur. Því er svo mikils um vert að fara gætilega og reyna að meta gildi allra hluta rétt og reyna að öðlast sanna þekkingu á lögum tilverunnar.

En það er stundum svo örðugt, í fávísinni, að draga réttar ályktanir af því, sem maður skynjar, því að skynjun vor nær svo skammt. Þó er það eina leiðin að reyna að skerpa eftir-

tektina og skilninginn. Fyrir þá viðleitni manna eru þeir þó komnir það áleiðis, sem þeir eru, og það er mikið, sem þeim hefir tekizt, og það stundum á stuttum tíma. En það er með lögmálslestur lífsins eins og annað nám, að því auðveldara veitist námið, sem lengra er komið og nær fullkomnun í hverri grein.

Þú hefir, vina mín, verið að biðja um ráðningu á gátum tilverunnar frá því að þú manst eftir sjálfráðri hugsun hjá þér. Manstu, þegar við vorum upphaflega að reyna að virða tilveruna fyrir okkur. Þá sagðir þú svo oft: „ég veit ekki“. Þú varst varkár í ályktunum og það er rétt, því að það er vörn gegn sjálfsblekkingu, en maður verður að reyna að láta skynsemina skera úr, þó að það sé oft ekki hægt, þar sem þekkinguna vantar. En hver, sem reynir að draga skynsamlegar ályktanir af því, sem hann skynjar, stefnir rétt og verður eitthvað ágengt. — — —

Já, þú þráðir þegar á unga aldri þekkingu á þessum hlutum og talsvert hefir mönnum orðið ágengt á okkar stutta æfiskeiði. Lengst kemst Helgi Pjeturss þar, í því að draga saman í heild reynslu og þekkingu sína og annarra og draga þar af réttar ályktanir, þó að ekki sé nema með íleiðslu- (hleðslu-) kenningunni. Þegar maður þekkir hana, skilur hann mun betur í sjálfum sér og öðrum, í öllum þeim utan að komandi áhrifum, sem fólk verður fyrir, sýnilegum og ósýnilegum, þegar það er skilið, að hver maður er einskonar viðtæki, sem tekur við hugskeytum hvaðanæfa, svo að vegalengdir koma þar ekki til greina. Þegar þetta lögmál er vitað, skilst hvernig stendur á svo mörgu, sem kemur í huga manns, án þess að hann hugsí það sjálfur. En sá er munur á hugskeytum og loftskeytum, að hugskeytunum virðist vera hægt, með viljanum, að beina í ákveðna átt. Það er því ekki lítils virði, hvernig hugsuninni er beitt. Þegar ljóst er orðið, að maðurinn á enga hugsun einn, heldur flyzt hver hugsun mannsins til margra annarra manna, óafvitandi og ósjálfrátt,



þá fer ábyrgðin að verða æði mikil, að vanda hugarfarið, vilji maður ekki verða sjálfum sér og öðrum til meins, beinlínis, með óframkvæmdri hugsun.

STEFÁN B. JÓNSSON

## ÓSJÁLFRÁÐ SKRIFT

*rituð af Þóru M. Stefánsdóttur kennara*

Leiðist þér ljóssins á vegi,  
sjá ljómann af eilífðardegi,  
sem lýsir um gjörvallan geiminn  
og guðlegan sýnir oss heiminn.

Fagurt þá framtíðin ljómar,  
fagnaðar-lofsöngva-hljómar  
berast um gjörvallan geiminn,  
er góðleikinn samstillir heiminn.

Því vökum og vinnum að störfum,  
að vanmegna bræðranna þörfum  
og eflum oss sjálfa og hver annan,  
við eilífan kærleikann sannan.

Nú er hér fagurt, dýrðlegt helgidagskvöld.

Guðs dýrð nú ljómar um storð og sæ  
og himinninn hjúpast í kvöldroðans blæ.  
Fjallhringur gnæfir í hátign til himins  
hjúpaður rauðleitum purpurablæ.  
Guð er að gleðja og betra oss  
börnin sín öll.

Bráðum mun nóttin vera  
 hjúpa dali og fjöll,  
 þá til hvíldar gengur  
 gervöll foldardrótt  
 og Guð mun öllum gefa  
 góða vera nótt.  
 Þá hittumst við í draumum  
 og dveljum saman öll,  
 því sálin sefur eigi  
 þó sofi líkaminn.  
 Svo dýrðlegur rís aftur  
 að morgni dagurinn  
 til frekari starfa að þroska sig  
 og aðra á Guðsríkisbraut.  
 Svo líður nótt af degi  
 og dagur af nótt, unz dagurinn  
 kemur, er sofnið þið rótt,  
 svo rótt, að sálin eigi  
 á afturkvæmt á jörðu.  
 Þá tek ég móti ykkur hér á fögru  
 landi og hér við megum dvelja  
 saman öll í sælu og friði  
 um langa stund.

Þótt síðar kunní skilnaður að verða í bili, munu leiðir okkar aftur saman liggja á ný, unz alþroska er náð.

Þá aldrei frammar þurfum við að skilja, en vinnum stöðugt saman að eflingu alls hins góða, svo að allt verði friður og gleði og sæla í gjörvöllum heimi Guðs.

— Það er yndislegt að una sér við fagra útsýnið, til fjalla himinblárra í fjarska og grænna, skógivaxinna hæða.

Gleði væri mér að geta sýnt ykkur eitthvað af því og það hefi ég raunar getað og gert í haust og vetur í draumunum þínum.



— — Guð gefi yður styrk og frið til þess að lifa rétt og vel og stefna stöðugt nær og nær hinu guðdómlega takmarki, sem fyrir okkur öllum liggur að ná. Guð gefi að þið megið lifa sjálfum ykkur og sem allra flestum öðrum til blessunar og sannra sálarheilla og þroska í öllu góðu, sönnu og fögru. Verið ávallt bætandi, hvar sem þér eruð. Hefjið hugi yðar hátt, upp úr hégóma og þrasi og illu umtali, til háleitra, fagurra og sannra viðfangsefna og lyftið öðrum með ykkur og leiðið þá úr myrkri þröngsýni, dómgirni og kærleiksleysis, til ljóss hins guðlega kærleika, hjálpar og umbótaþrár og frjálsrar, rétttrar skoðunar á öllum málefnum. Leitizt ávallt við að hafa eitthvert hugnæmt, bætandi umtals- og umhugsunarefni á reiðum höndum, bæði þegar þið eruð einar og líka, þegar fleiri eru viðstaddir. Opnið hugi ykkar fyrir hinn góðu aðstoð, sem ávallt er við hendina, ef henni er aðeins veitt viðtaka, þ. e. hugarskeytunum frá góðum, þroskuðum verum á æðri stigum, sem alltaf eru að senda kærleiks-, vizku- og máttarhugsanir til þeirra, sem skemmra eru komnir, til þess að reyna að beina þeim á réttar brautir til lífs og ljóss og að styrkja þá í allri góðri viðleitni þeirra.

En áhrif þeirra skeyta eru svo miklu minni en þau gætu orðið, ef sem flestir — og helzt allir — vissu af þeim og opnuðu hugi sína, með þrá til hins góða, fagra og sanna og viðleitni til þess að hugsa, tala og breyta rétt.

Þá myndu þau hugaráhrif á skömmum tíma geta haft ómetanlegan árangur til góðs og hafið mennina á æðra þroskastig og um leið allt jarðlífið. Því er um að gera að vinna að því meðal mannanna að glæða og efla viljann til hins góða og rétta og þrá eftir öllu fögru, sönnu og fullkomnu, því að það opnar leiðina fyrir enn sterkari og fullkomnari áhrif, sem nú fá ekki notið sín, vegna þess að hugirnir eru svo lokaðir fyrir öllu æðra, fegurra og betra en þessu venjulega efnisvafstri og veraldarhyggju, ýmist fylltir áhyggjum eða léttúð og gefa sér of sjaldan tíma til að dvelja

við það, sem er æðra og háleitara. Við skulum öll reyna sameiginlega og hvert í sínu lagi að vinna að því að hefja og betra fólkið, svo að það geti orðið í sannleika farsælt og ratað réttar brautir til Guðs eilífa kærleikstakmarks, sem hann ætlar öllum að ná.

Verið í Guðs friði

ykkar

STEFÁN B. JÓNSSON

## DRAUMAFÁTTUR

„Oft verður sveipur í svefni.“

Mig dreymir ljósast seinni hluta nætur. Þetta mun vera margra reynsla. Fyrri hluta nætur eru draumarnir óglöggir og virðast meira háðir vökuáhrifum.

Sé það rétt, sem við ætlum, að draumar komi fram fyrir samband við aðrar mannverur, þá er eðlilegt að hugurinn sé næmari fyrir þessum áhrifum eftir góða hvíld næturinnar.

Þó dreymir mig oft einkennilega, ef ég sofna örstutta stund, eða „rennur í brjóst“ eins og það er kallað. Þá koma oft fram afarglöggar svipmyndir eða mér þykir einhver segja við mig mjög ákveðin varnaðarorð eða annað sem athyglisvert er.

Tæpast er vafi á því, að mig dreymir fyrir ýmsu því, sem skeður. Oft dreymir mig hey fyrir snjógangi og fleira ber í drauma, sem veðurfar snertir. Þetta gætu verið einskonar veðurfréttir frá hugum annarra manna, sem lengra sjá, þessa heims eða annars. Þó er ekki ósennilegt, að hér sé að einhverju leyti um að ræða áhrif frá náttúruöflunum. Veður-



breytingar þær, sem í aðsigi eru, leggjast oft í menn og skepnur, þótt vakandi séu; sama er að segja um fleiri orkusveiflur í náttúrunni, strauuma og margt. Nú gæti þetta haft áhrif á sofandi mann líka og ráðið einhverju um draumfar.

Fyrir nokkrum árum dreymdi mig að ég væri staddur á bæ einum hér í næstu sveit. Ég þóttist koma þar út á stétt og var þá vatnsflóð um túnið og að bæjardyrum. Nokkru seinna dó húsfreyjan á þessum bæ.

Þetta kemur oft fyrir, að mig dreymir vatnsflóð eða vax nokkurt fyrir veikindum. Nú virðist hér um að ræða einhverja fyrirsýn þess er verður og ætti þá að vera frá öðrum komið; en hverjir það eru og hvernig þeir vita þetta, er enn óvíst. Mörgum veitist ekki létt að skilja kenningar Nýals um draumasambandið og er það vorkunn. Við trúum oftast því, sem við sjáum með eigin augum, en þó er það ekki alltaf dagsatt. Í draumi sjáum við að nokkru leyti með annarra augum og vitum annarra viti.

Ekki verður því móti mælt, að sumir menn eru ber-dreymnir. Þó eðli drauma sé nú kunnugt orðið, þá er margt enn hulið um þessi efni, og er þó allt annað að fást við rannsókn þessa máls, þegar höfuðsannindin eru fundin.

Vafalaust er örðugt fyrir annarra heima menn að hafa samband við okkur hér, slíka fáfræðinga. Sennilegt er því, að ýmsar líkingar og tákni komi í stað beinnar kynningar lífheima milli. Oft misskiljum við drauma okkar og setjum þá í rangt samband við okkar líf og skiljum jarðneskum skilningi. Það er ætlun mín, að ef þessi sambandsvísindi reynast á réttu byggð, þá verði vitsamband fyrst og fremst að fara fram í vöku, en ekki í svefni. Þetta verður allt auðveldara, þegar búið er að reisa sambandsstöð og málið hefir unnið fylgi fjöldans.

Í svefni verðum við hlaðnir orku allífskraftanna; án þeirrar hleðslu getum við ekki lifað nema fáa daga. Það virðist mér, að þegar svefninn er vær og góður, þá sé minna um

drauma. Því er e. t. v. æskilegast að hafa ekki mjög náíð samband við aðrar hugsanaverur í svefni; það virðist valda truflun á eðli svefnsins. Þetta ætti að verða auðveldara þegar um verður að ræða gott samband í vöku, og getur þá svo farið, að svefnþörfin minnki. Slíkum vafamálum verður leyst úr, ef vísindi Nýals eiga góð örlög í vændum.

SVEINBJÖRN BENTEINSSON:  
*Draghálsi*

## EFNI

<i>Kenningar dr. Helga Pjeturss</i> , eftir Árna Óla .....	BLS. 49 <sup>o</sup>
<i>Helgi Pjeturss 75 ára</i> (kvæði), eftir Þórarinn Þorleifsson .....	— 60
<i>Spiritisminn og íslenzk heimsfræði</i> , eftir Bjarna Bjarnason .....	— 64
<i>Nokkur orð um framlífið</i> , eftir Guðm. Kristinsson .....	— 70
<i>Tvær athuganir</i> , eftir Þorstein Jónsson .....	— 76
<i>Flug</i> , eftir Þorstein Jónsson .....	— 79
<i>Ósjálfráð skrift</i> .....	— 81
<i>Draumaþáttur</i> , eftir Sveinbjörn Benteinsson .....	— 86
Á 2. kápusíðu: <i>Úr Nýal</i>	
Á 3. kápusíðu: <i>Ávarp frá Félagi Nýalssinna</i>	



FÉLAG NÝALSSINNA hefir ákveðið að efna til fjársöfnunar í því skyni að byggja stjörnusambandsstöð í Reykjavík. Stjörnusambandsstöð er hús, sem er sérstaklega ætlað til þess að leita sambands við íbúa annarra hnatta. Verður þetta fyrsta hús þeirrar tegundar á þessum hnatti. Kunnugt er mönnum af ritum dr. Helga Pjeturss með hvaða aðferðum hægt er að ná sambandi við aðra hnetti. Verður við stjörnusambandsstöðina, þegar hún kemst upp, að sjálfsögðu byggt á uppgötvunum dr. Helga um þessi efni.

Ekki þarf að taka fram við þá, sem lesið hafa Nýala dr. Helga, hvílík nauðsyn það er að byggja stjörnusambandsstöð, og komast þannig í fullkomnara samband en verið hefir við lífið á öðrum hnöttum. Mun verða leitað til manna um framlög til byggingarinnar.

Heitum vér svo á alla þá, sem styðja vilja stærsta framfarumál vorrar aldar, að leggja fram nokkurt fé til byggingar stjörnusambandsstöðvarinnar, hver eftir sínum efnum.

Stjórn Félags Nýalssinna, Reykjavík.

SVEINBJÖRN ÞORSTEINSSON  
Skálholtsstíg 2

SIGURÐUR E. ÓLAFSSON  
Skáftahlíð 5

